



Hugleiðingar formanns

Við Hlíðarey 1. maí.

Ljósmynd: Árni Þór Sigurðsson

Pabbi kenndi mér að veiða á flugu. Og Kolbeinn Grímsson. Nú eru þeir eflaust saman í boltaleikju einhversstaðar í veiðilendunum miklu fyrir handan. Þeir tilheyrðu þeim hópi manna sem gengu um bráð og veiðislóð af virðingu, eins og sannir Ármenn, og miðluðu visku sinni áfram til næstu kynslóða. Þeir voru líka af þeirri kynslóð miðstéttar sem gat keypt einn og einn laxveiðidag án þess að leggja fjárhag fjölskyldunnar í rúst og þurfa að hafa nagandi samviskubít yfir þeim aurum sem í veiðitúrinn fóru.

Margar veiðisögur þeirra koma í hugann. Til að mynda sagan sem Kolbeinn sagði þegar hann landaði stórbleikju í laumi og krækti henni á maðkaöngul sofandi drengs sem faðirinn og veiðifélagarnir höfðu plantað í veiðileysuvík innan við Öfugsnáðann. Lýsingarnar voru kostulegar þegar strákurinn vaknaði með ópum og landaði hlussunni. Og ekki var síðra að sjá fyrir sér þá fullorðnu raða sér þétt við hlið hans og kasta í veiðileysuna. Pabbi sagði líka margar sögur og sem þjakkur upplífi ég þær margar. Fyrir margt löngu setti hann í góðan lax uppi á fjalli í Langá. Eftir snarpa viðureign sleit fiskurinn og fór með Blásjarmann með sér í kjaftinum. Eftir taumaskipti og nýja flugu, Crossfield, setti pabbi strax í fisk. Korteri síðar lá 12 punda hængur á bakkanum með Crossfieldinn á kafi í vinstra munnvikinu og Blásjarmann og slitinn tauminn í því hægra. Þessar sögur og margar aðrar ylja manni um vetrartímann yfir fluguhnýtingum og spjalli í Árósum. Þessar sögur hefðu ekki orðið til nema fyrir fiskana í vötnunum og veiðileyfi á viðráðanlegu verði.

Ég hef áhyggjur af Hlíðarvatni. Reyndar hefur vorið verið gjöfult þrátt fyrir kulda og rok, óvenju margar stórbleikjur komið á land, feitar og pattaralegar. En ef veðurfarið í sumar verður álíka og í fyrra hitnar vatnið og PKD sýkingin kviknar, hitastig vatnsins hækkar. Og svo er það helvitis flunðran. Það er mjög mikilvægt að fylgja eftir Hlíðarvatnsrannsókn síðasta hausts í sumar og framkvæma fleiri rannsóknir yfir heitasta tímann. Ef bleikjan er með stórsæ PKD einkenni og einhverjar drepast af þeim orsökum þurfum við að sjá það þegar mestar líkurnar eru á því. Ef hátt hitastig vatnsins er að fæla bleikjuna frá landi út á dýpri og kaldari mið út fyrir kastfæri veiðimanna þurfum við að vita það. Hugmyndir um að fá kafara til að skoða vatnið hafa komið fram og eru mjög áhugaverðar. Ef flunðruhelveitid kemst yfir

fyrirstöðuna í mestu sjávarflóðunum þurfum við að vera á staðnum með netalagnir og staðfesta það.

Ég hef líka áhyggjur af Þingvallavatni og hef haft þær lengi. Af-fallsvatn frá Nesjavöllum, frárennsli frá sumarhúsum, makrílþófar, almennur sóðaskapur og aukinn átroðningur. Góður árangur hefur náðst í veiðivörslusamstarfi LS, Veiðikortsins og Þjóðgarðsins. Þessi tilraun hefur heppnast vel og eru veiðimenn almennt með á nótunum að bæta þurfi veiðimeninguna. En það er samt sem áður dapurlegt að vegna fjársveltis Þjóðgarðsins, okkar helstu náttúru- og sögupperlu, þurfi sjálfbodaliða úr hópi veiðimanna til að fylgjast með lögbrjótum. Þá er ég ekki bara að tala um það sem viðkemur veiðivörslunni heldur alla aðra gæslu, viðhald gönguleiða og vega og almenna aðstöðu fyrir fólk og farartæki. Við blasir stórslys í Þjóðgarðinum vegna aukinnar ásóknar ferðamanna ef ekki verður spyrnt við fótum strax og auknu fé veitt til úrbóta.

Ég hef áhyggjur af verðlagi veiðileyfa. Þau hafa hækkað tugi prósentu umfram verðlag um árabíl. Græðgi veiðiréttarhafa ásamt gríðarlegu fjármagni íslenskra og erlendra auðjöfra og fyrirtækja síðustu missera spila saman og hafa lyft verði upp úr öllum hæðum. Það er að sjálfsgöngu í þessum bíssness eins og öðrum að framboð og eftirspurn ræður, ef þú hefur kaupanda af vörunni geturðu verðlagt hana að vild. En þegar illa gengur að selja og umframbirgðir hrannast upp, lækkar verð vörunnar. Þetta eru lögmál markaðarins en á einhvern ótrúlegan hátt virðist þetta ekki ná til veiðileyfa. Mér er í raun algjörlega hulið hvers vegna veiðiréttarhafar taka ekki af skarið og fylgja þessum lögmálum. Það er alveg ljóst að jaðartímar laxveiðiaá verða ekki fylltir af nýjum útlendingum, þeir vilja eingöngu veiða á besta tíma. Eftir sitja júní, ágúst og september, víða óseldir að stórum hluta. Og hvað græða menn á því? Ekkert!

Ég hef svosum áhyggjur af öðrum málum eins og Bjarnarflagi og virkjunum hér og þar en þær hugleiðingar biða betri tíma. Það er okkar frumskylda að viðhalda veiðilendunum og ganga um þær af virðingu og lotningu svo komandi kynslóðir njóti þess sama og við höfum gert hingað til. Aðgangur að veiðivötnum á að vera jafnsjálfsagður hlutur af lífi okkar og að geta fætt okkur og klætt. Verð þurfa að lækka og eftirlit og almenna umgengni þarf að stórbæta. Ef við bregðumst hlutverki okkar verða engar veiðisögur sagðar í komandi framtíð.

Fjörtíu ár með Ármönnum, ávarp á afmælishátíð félagsins, 2. mars 2013

Ágætu Ármenn og velunnarar:

Ég vil byrja á því að óska öllum innilega til hamingju með þennan áfanga og vona að dagurinn verði okkur minnisstæður.

Ég tel mig vera þann félagsmann sem lengst hefur verið á félagskrá Ármanna. Því hlýtur að vera við hæfi að ég ávarpi samkomuna, segi eitthvað frá kynnum mínum af félaginu og rífi upp einhverja fróðleiksmola frá bernskuárum félagsins. En þar sem langtíma-minni mitt er litlu skárna en skammtímaminnið er ekki við miklu að búast og þið verðið að taka viljann fyrir verkið.

Þegar ég lít til baka sé ég æ betur hvað þetta var ofsalega „fín“ félagskapur – þjóðlegur og snobbaður. Það var bæði dýrt og vandasamt að komast inn í félagið. Einnig var Ármennskan veruleg fyrirhöfn og talsverð áþján, að minnsta kosti fyrstu árin.

Ef ég hefði ekki slyst til að lesa í blöðunum auglýsingu Jóns Hjartarsonar og félaga með yfirskriftinni „ÍSLAND FYRIR ÍSLENDINGA“ þá hefði ég sennilega aldrei fengið inngöngu í Ármenn. Ég mætti á þennan fund þar sem Ármenn voru stofnaðir og allir sem þangað komu fengu að skrá sig á nafnalista, og voru umyrðalaust orðnir stofnfélagar. Þannig slapp ég inn, án þess að spurt væri um meðmælendur, afrekaskrá, auð eða ætterni. Þeir sem seinna komu fengu hins vegar ekki inngöngu nema þeir hefðu fengið meðmæli frá einhverjum hinna innviðguðu.

Á elstu félagsmannaskrá sem ég hef fundið eru menn skráðir með nafni, heimilisfangi og starfstíli. Þar skín snobbið í gegn því að í þessum 122 manna hópi stofnfélaga eru einir 10 sem eru titlaðir forstjórar eða framkvæmdastjórar, ámóta margir læknar og tannlæknar og auk þess er þar úrval stórmenna svo sem alþingismenn, seðlabanka- og ráðuneyttisstjórar.

Ekki var þó þar með sopið kálið. Næsta hindrun var inntökugjaldið. Ég man að það var hátt, mun hærra en ég hafði búist við og velti ég því lengi fyrir mér hvor væri betri kostur, innganga í Ármenn eða Spánarferð með eiginkonunni. Sem betur fer sýndi mín heittelskaða fullan skilning á málinu – með öðrum orðum fulla stillingu þegar niðurstaðan var kynnt fyrir henni.

Til nánari glöggvunar þá var inntökugjaldið fyrstu árin litlar tuttuguogfimmþúsund krónur. Fyrir þá upphæð mátti kaupa heil ógrynni af sigarettum og brennivíni að ógleymdri Spánarferðinni góðu þar sem lystisemdirnar voru svo ódýrar að þær voru svo gott sem innifaldar. Þar sem ég er orðinn hófsemdarmaður á svoliðis lagað ákvað ég að nota frekar vísitölureiknivél Hagstofunnar, en samkvæmt henni munu 25.000 krónur ársins 1973 samsvara 175.000 krónum á verðlagi okkar, árið 2013.

Einnig reiknaði ég út hver inneignin myndi vera ef ég hefði lagt inntökugjaldið inn á verðtryggðan bankareikning með 10% ársvöxtum í stað þess að afhenda gjaldkera snobbfélagsins það. Útkoman sem ég fæ er upp á rúmar 6 milljónir króna, sem myndu duga fyrir glænýjum Toyota jepplingi.

Ekki eru þó allar raunir sem fylgdu fyrstu árunum enn upp taldar. Snemma á ferli sínum fór félagið í ævintýrleg viðskipti og keypti alla veiðidaga í efri hluta Laxár í Þingeyjasýslum. Ef ég man rétt þá voru þetta alls 22 stangir og veiðidagarnir a.m.k. 100 á hverju sumri. Sé þeim deilt jafnt á rúmlega 100 manna hóp þá koma einir 20 veiðidagar í hlut hvers og eins. Mikil bjartsýni hafði greinilega ríkt hjá stjórnendum félagsins, enda kom brátt að því að send voru út fyrirermæli um lágmarksfjölda veiðidaga sem hverjum og einum félagsmanni bæri að kaupa. Ekki man ég hver viðurlögin voru ef menn keyptu ekki kvótann sinn, sennilega brottrekstur úr félaginu með skít og skömm.

Rétt er að rífa upp að á þessum árum var ekkert bundið slitlag á þjóðvegum landsins og talsvert mál að skreppa frá Reykjavík norður í Þingeyjasýslu, enda fannst mörgum helst til langt gengið með þessu.



Athygli vekur að engin kona er á lista yfir stofnendur. Ármenn voru því á þessum tíma hreinræktað karlafélag og öll þessi 40 ár hafa einungis örfáar konur slæðst inn á skrár félagsins þótt þeim hafi ávallt verið það heimilt. Hugsanlega höfðar nafn félagsins síður til kvenna þótt konur séu að sjálfstöðu líka menn.

Ég ætla ekki að þreyta ykkur með rakningu á sögu félagsins þessi 40 ár, enda eru margir hæfari til þess en ég. Samt vil ég ekki hætta án þess að víkja lítilega að nútíðinni og stærsta framtíðarmáli félagsins:

Ármenn eru nefnilega að eldast, líkt og þjóðin öll. Sífelld fjölgar gamlingjunum sem eru útrunnir og hættir að skila félaginu tekjum, en flækjast samt fyrir. Þess vegna er mjög brýnt að fá inn nýtt blóð, nýjar hugmyndir og ekki síst nýja fullborgandi meðlimi. Til þess þarf innganga í félagið að vera spennandi og eftirsóttur kostur sem höfðar til fjöldans. Til að auðvelda stjórnendum félagsins skipulagningu og mótun framtíðarsýnar hef ég fært til nútímans þrjú atriði sem virkuðu ágætlega fyrir 40 árum.

1. Hleypa engum inn í félagið nema hann geti lagt fram vottorð frá Íslendingabók um gott ætterni og meðmælabréf frá reyndum félagsmanni.

2. Gera nýliða í félaginu skylduga til að kaupa upp Hlíðarvatnsdagana í ágúst og september sem aðrir félagsmenn vilja ekki sjá. Fylgst verði með að þeir mæti á veiðistaði og standi allar vaktir. Eftirlitið skal byggja á aðferðafræði Boot Camp æfingakerfisins.

3. Hækka inntökugjald félagsins verulega, t.d. í 175.000 krónur. Mörg þekkt dæmi eru um það að ódýr vara sem illa gengur að selja verði skyndilega eftirsótt og rjúki út sé verðið hækkað duglega.

Ég treysti stjórn félagsins til að skoða þessar tillögur gaumgæfilega og finna bestu lausnirnar, en ábendingunum er hér með komið á framfæri.

Að lokum óska ég afmælisbarninu góðs gengis og þakka ánægju-lega samveru þessi 40 ár.

Ágúst Úlfar Sigurðsson,
Ármaður nr 2



Fullt af fólki í afmælinu



Jóhannes og Hjálmar í góðu skapi í afmælinu


Scott
flugustangir

SÖLUSTADIR:

Krafla.is
Veiðportið í Reykjavík
Flugukofinn í Keflavík
og Veiðivörur.is á Akureyri

Og þá er hann á!

Rabbað við Ármann númer 282 um veiðiferðir í leigubílum, val á flugum í rigningu og klukkuna sem hangir á stangartoppinum



Jón E. Þorláksson gjaldkeri skrifar 19. mars 1979: Með því að greiða giróseðlinn gengur þú í félagið. Síðari hluti inntökugjalds, kr. 25.000, verður innheimtur að ári liðnu.

Stundum er sagt að Ármenn hafi meira gaman af að tala um veiði en veiða sjálfir. Tíðindamanni hefur virst að mörgum Ármanninum sé það alls ekki óljúft að vera í slíkum félagsskap. En inn á milli eru snillingar sem kunna að veiða, hnýta listilegar flugur og hafa hugsað svo djúpt um veiðiskap að þeir geta hugsað eins og fiskar. Einn þeirra er Jón Helgi Jónsson. Eftir tuttugu ár við að leggja teppi var komið nóg og hann ákvað að gæta öryggis sundlaugargesta í Breiðholtslaug við Austurberg. Þar starfaði hann í aldarfjórðung áður en hann fór á eftirlaun. Það er kalsaveður og rigning í byrjun maí þegar tíðindamaður Áróðs knýr dyra hjá Jóni Helga og konu hans, Kolbrúnu Sigurlaugsdóttur. Hann varðveitir ennþá félagsskirteini sitt í Ármönnum, nr. 282.

Það var töluvert mál að ganga í þetta félag. Eins og einhver sagði í 40 ára afmælinu um daginn: „Þetta voru himinháar upphæðir og svo þurfti maður að hafa tvo meðmælendur.“ Maður hafði það á tilfinningunni að þetta væri klúbbur fyrir fína menn. Inngöngugjaldið var 25 þúsund krónur, svo það munaði um þetta. En svo er árgjaldið lagt af þegar við verðum 65 ára, og það var nú fyrst og fremst hugsað vegna frumkvöðlanna sem höfðu lagt bæði fé og vinnu í að byggja félagið upp.

Veiðiferðir í leigubílum

Ég er alinn upp á Bragagötunni en er í rauninni Gaflari og tók fyrstu fiskana mína í Læknum í Hafnarfirði. Þangað fórum við í heimsókn um helgar og þá lékum við okkur í Læknum. Svo var náttúrlega bryggjan og þangað þvældist maður að veiða. Fyrsta stöngin sem ég fékk var keypti í sportvörubúð í Bankastræti, hún var hvort tveggja, flugustöng og kaststöng, það var einhvern veginn unnt að skipta um part á henni. En ég á hana ekki lengur, ætli hún hafi ekki brotnað.

Ég byrjaði að veiða fyrir alvöru með föður mínum þegar ég var stráklungur. Hann hét Jón Ingvar Jónsson kjótiðnaðarmaður og vann hjá Gunnari í Von og fleirum. Pabbi var mikið fyrir náttúruna, hann vann þannig vinnu, og vildi komast út í frítímanum. Þeir fóru fyrst austur á Þingvöll á hjóli. Hann veiddi með Jörgen Þorbergssyni tollmanni. Þetta voru sjentilmenn við veiðar og dálítið á undan sinni samtíð. Þeir gengu afar vel um á veiðislóðinni og tóku upp allt drasl og girni.

Ég kynntist Kaldárhöfða gegnum pabba. Við veiddum í Soginu, um það bil þar sem Steingrímsstöð er núna, og þá var mýið að drepa alla. Þá var tekinn leigubíll hjá Litlu leigubílastöðinni og svo fór bíllinn í bæinn og kom svo aftur um kvöldið. Það var ekkert um að fólk ætti bíla á þessum tíma, þetta var svo allt öðru vísi og vegirnir erfiðir. Þegar ég eignaðist minn fyrsta bíl voru þeir félagar alltaf í ferðum með mér. Þegar veiðitúrnum lauk var farið á næstu bílapvotastöð eða plan og þar var hann þvegin billinn og fylltur af bensíni.

Fyrstu skref í fluguveiði

Það var lítið um fluguveiðar á þessum tíma, menn þekktu fluguna ekkert og svo var bara erfitt að fá veiðarfæri. Ég man að Albert í Veiðimanninum var að selja mikið dressaðar flugur frá Englandi en það veiddist ekkert allt of vel á þær, en það breyttist þegar maður fór að hnýta sjálfur og hafði þær minna dressaðar.

Ég gekk í Ármenn vegna þess hvað var erfitt að fá efni. Ármenn fengu það í gegnum Kolbein Pétursson sem rak fyrirtækið Háberg í Skeifunni 3 og þeir voru í þessu með honum ýmsir í félaginu. Og svo er það Steini stöng sem kemur með stangirnar.



Horft að Hofsstöðum í Mývatnssveit, paradís fluguveiðimannsins.

Svo lærði ég að hnýta hjá Kolbeini Grímssyni, og um það leyti gekk ég í Ármenn, einhvern tíma um 1978 eða 9.

Þegar ég var að byrja á Þingvöllum mátti tjalda alls staðar við vatnið og við fórum þá oft með krakkana þegar þeir voru litlir og tjölduðum, til dæmi við Ófugsnáðann. Við gerðum þetta fjölskyldan stundum á 17. júní til að sleppa við pulsuát og að labba niður Bankastrætið. Og þarna áttum við góðar stundir við að veiða.

Konan mín er frá Akureyri. Við fórum á hverju sumri norður og ég skilaði henni heim til sín en fór sjálfur austur í Þingeyjarsýslu, að Hofsstöðum, tjaldaði þar og keypti veiðileyfi af bændunum. Þá gat maður veitt allan sólarhringinn. Ég veiddi aðallega á næturnar því ég þoldi ekki fluguna. Mér tókst aldrei að semja við hana eins og Kolbeinn Grímsson gerði, hún lét hann í friði en ég þurfti alltaf að vera með net og það truflaði mig. Ég átti Veiðimanninn frá upphafi og las þar greinar um veiðar Englendinga sem töluðu um hvað þarna væru stórir og sterkir urriðar. Ég náði að upplifa þetta frjálsræði þegar maður gat bara tjaldað á bakkanum og verið með sjálfum sér. Það var mikill ævintýraljóni yfir þessum ferðum, og svo bara veiddi maður og veiddi. Ég setti aflann í reyk hjá bóndanum á Skútustöðum og hann sendi mér flökin suður.

Síðar þegar Ármenn voru komnir í spilið fékk ég veiðileyfi hjá Hólmfríði og þá veiddi ég með Jóni Petersen.

Vatnið mitt, Elliðavatn

Vatnið mitt var Elliðavatn þegar það var og hét. Ég byrjaði með flotholt og maðk en fylgdist með þessum alvöru veiðimönnum sem veiddu á flugu. Þarna var Ingi múrari, sem Kolbeinn kallaði Inga múra, hann var flinkur veiðimaður og var að kenna köst í Laugar-dalshöllinni, og ég vil meina að hann hafi verið einhver albesti veiðimaður landsins, bæði í stöðuvatni og straumvatni, hann hugsaði svo djúpt um þetta. Ég lærði mikið af honum.

Halldór heitinn Erlendsson, sem átti Sportvörugerðina, kenndi mér handavinnu og leikfimi í Miðbæjarskólanum og var fyrsti íslenski milliríkjadómari í handbolta. Hann var svolítið á undan sinni samtíð. Halldór opnaði Sportvörugerðina í Mávahlíðinni og var Íslandsmeistari í köstum, og bróðir hans, Jón Erlendsson, var kennari og flinkur kastari. Þessum mönnum kynntist ég og keypti hjá þeim.

Jón stundaði dálítið Þingvallavatn. Ég gaf honum flugu og hann var alveg hissa hvað þær voru stórar - en hann veiddi á þetta, enda sagði Kolbeinn: „Stórar flugur – stórir fiskar“.

Elliðavatnið er vandveitt og ekki allir sem ná tókum á því en þeir sem ná því geta veitt allsstaðar, og þá hafa menn þetta einhvern veginn í sér. Í Elliðavatni tekur fiskurinn grannt eins og menn vita. Ingi múri tók þetta með rykkjum, hann hélt stönginni með síðunni og var með toppinn ofan í vatninu. Um leið og hann fann tókuna gerði hann mjaðmarhnykk og þá var fiskurinn á.

Ingi múri breytti stundum taktinum í strippinu, stundum hægt og stundum hratt. Þetta er eins og að veiða til sjós, maður þarf að ná fiskinum að, eða undir bátinn, og svo tekur hann ef maður er nógu þolinmóður. Þeir koma syndandi í marbakkanum, fara hjá en koma

svo aftur, kannski þrjár fjórir fiskar, en ekki endilega alltaf torfa.

Áttin hefur mikið að segja, eins og með Elliðavatni, það þýðir varla að veiða þar í vestanátt. Fiskurinn bara tekur ekki. Það er kannski unnt að slíta upp einn og einn, ég segi það ekki, en hann er miklu tregari. Það fylgir alltaf kuldi þessari átt.

Halldór Erlendsson kemur þarna einu sinni fyrsta maí, þá var ég ungur maður og fylgdist með þessum eldri. Hann stakk hitamæli niður í vatnið og segir: „Það koma nú ekki margir fiskar á land í dag.“ Ég náttúrulega hlusta eftir þessu og hann segir við mig: „Það er of kalt vatnið. Fiskurinn hreyfir sig miklu minna. Svo þegar vatnið hitnar og flugan fer að sýna sig þá fer hann af stað.“



Gunnar Hauksson, sem lengi var veiði- og vinnufélagi Jóns Helga, nýtur veru sinnar við Þingvallavatn eins og sannur Árnaður. Gunnar er nú látinn.

Hér áður fyrr var ég alltaf mættur þegar vatnið opnaði en núna er ég hættur að nenna að pína mig til að standa þarna í kulda og trekki fyrstu vikurnar. En ég fór nú samt í opnunina á sumardaginn fyrsta, bara til að fylgjast með, en var tekinn í viðtal. En þarna eru menn eins og hann Geir Thorsteinsson, hann Geiri, hann fer alltaf út á engjarnar, og hann var kominn með tvo urriða sem hann fékk á strímeri frá Stebba Hjaltested. Svo kom þarna ein bleikja úr Helluvatni. En kuldinn var svo mikill um morguninn að það var bara héla og menn voru að drepast úr kulda, skjálfandi með grifflurnar.

Um línur og tauma

Ég pantaði alltaf línur hjá honum Ásgeiri, syni hans Halldórs í Sportvörugerðinni, Cortland flotlínur með tókuvara, þá er fremsti hlutinn í áberandi rauðum lit. Fiskurinn tekur svo grannt að maður finnur það ekki, en þegar maður sér að hún er að beygja, línun, verður maður að bregða við – og þá er hann á! Fiskurinn sleppir nefnilega stundum flugunni.

Ég nota alltaf flotlínu núorðið með löngum taum, um eina og hálfu stangarlengd, og dreg yfirleitt hægt. Ég lærði snemma af Inga múra að veiða með dropper og hef gert það síðan. Hann sagði að önnur flugan hændi að, fiskurinn kæmi að skoða, en tæki svo hina. Ég var stundum með tvo fiska á í einu í Hlíðarvatni.

En ég veiði aldrei á dropper nema í stöðuvötnum, ég hugsa að Kolbeinn hefði aldrei gúterað það í Laxá, en svo veit ég að sumir gera þetta eins og Guðjón Tómasson veiðifélagi minn, hann notaði dropper bæði í Elliðavatni og norður í Laxá. Ef koma tveir stórir fiskar á í stríðu straumvatni, hvað ætlar þú þá að gera? Ég er hræddur um að það verði erfitt að halda þeim.

Hvar er þá fiskurinn?

Eins og Ingi múri sagði um Þingvallavatn: „Það er enginn vandi að veiða ef maður finnur fiskinn.“ Á Þingvöllum vitum við nokkurn veginn hvar hann byrjar á vorin og endar á haustin, en ekki mikið meira en það. Í Hlíðarvatni var hann alltaf á Mölinni á haustin hér áður fyrr, en það hefur breyst eins og annað með hlýnandi veður-fari.

Maður byrjar á ákveðnum stöðum, lærir á þá og fikrar sig svo áfram. Ég lærði mikið af Kolbeini Grímssyni, hann var mikill sér-

fræðingur í Þingvallavatni og kenndi mér margt. Hann kenndi mér til dæmis að veiða á Öfugsnáðanum. Einverju sinni sagði hann að ef hann mætti eiga einhvern einn veiðistað vildi hann eiga Snáðann. En þetta er fyrripartsstaður og Kolbeinn vildi meina að fiskurinn væri fljótur að smækka þegar liði á sumarið. En þessi staður fær núna aldrei frið og er umsetinn.

Svo hef ég verið mikið úti í Lambhaga og þekki hann eins og stofugólfíð hjá mér. Þar er náttúrulega Leirutáin og þar er fullt af stöðum.

Hann er að færa sig fiskurinn, hann er þar sem ætíð er. Þeir kalla það að lesa í vatnið og náttúruna. Fiskurinn sýnir sig stundum, og eftir að pólároid-gleraugun komu sérðu alveg í botninn og hvar fiskurinn syndir í marbakkanum. Hann syndir frá en kemur svo aftur. Maður verður að hafa þolinmæði til að fylgjast með og bíða.

Í Elliðavatni er þetta allt annað, þar verður þú að vera með þetta í puttunum. Þar er það drátturinn sem skiptir máli, og þú verður að vera með réttu stærðina af flugum. Hið vandasama við Elliðavatn er að ná þessu rétta rennsli, þetta er eins og hægur dráttur sem erfitt er að lýsa.

Ég nota alltaf flotlínu með þessum tökuvara á línuendanum, og svo gerðum við það, við Þór, að úða með rauðu á línuendan til að hann sjáist betur. Við förum með sandpappír fyrst því í rauninni skemmum við línuna því við viljum að endinn sökkvi aðeins. Ég hef líka dregið litinn á með pensli, og þetta tollir alveg ef maður fer með sandpappírinn á fyrst. Þegar Þór veiddi sem mest hér um árið var hann með ónýta og sprungna flotlínu sem sökk aðeins og þá náði hann þessu rétta rennsli í drættinum, rétt undir yfirborðinu.

Það er eins og þegar maður er með dropper. Hjá sumum fer þetta allt í flækju en sannleikurinn er sá að maður veiðir meira með dropper.

Bingó

Jón Helgi tekur fram mynd úr safni sínu og sýnir tíðindamanni nokkrar vænar bleikjur í grasi. Jón heldur áfram: Þessi mynd er frá Öfugsnáðanum og ég kalla hana Bingó. Hún birtist í fyrsta og eina blaðinu okkar sem bar heitið Ármenn. (1981), og kom bara eitt blað. Þetta er morgunveiði til hádegis, 25 stykki, mest fjögurra punda fiskar en sumir eru sex eða sjö pund, og þetta fékk ég í maí 1980. Í texta með þessari mynd í blaðinu stendur að veiðst hafi á hægt sökkvandi Cortland línu. Ég notaði þá alltaf hægsökkvandi línu, en núna veiði ég bara með flotlínu, mér finnst leiðilegra að veiða á sökkvandi línur.

Ef við tökum Þingvelli sem dæmi. Þar er ég vanur að byrja eld-snemma, kannski fimm eða sex en ég er yfirleitt hættur um tvö eða þrjú. Það er ekki bara vegna þess að ég er búinn að fá nóg heldur hættir fiskurinn þá að taka. Það getur verið alveg yndislegt að veiða á nóttunni. Þá er iðulega logn og allt kyrrt en svo fer að hverssa þegar hafgolan byrjar um 11-leytið og þá er bara erfitt að veiða.



Bingó. Morgunveiði í Þingvallavatni í maí 1980.

Að velja réttu fluguna

Það er svo skrytið hvernig þetta lærist smám saman. Núna er það orðið þannig að ef ég lít upp í himininn og sé hvernig skýjafarið er þá fæ ég á tilfinninguna hvaða flugu ég á að nota. En það fer auðvitað eftir því hvert vatnið er. Ef veðrið á Þingvöllum er svona grámóskulegt rigningarveður og sex til sjö stiga hiti eins og í dag mundi ég setja á þessa flugu hérna eftir mig – og nú tekur Jón Helgi fram fluguboxin og sýnir tíðindamanni – Frískó; eða svona dökka

flugu – þetta er Frískódísinn, afbrigði af Frískó. Originalinn af Frískó var með vyta-floss en það fæst ekki í dag.

Í Elliðavatni mundi ég líklega nota Móúbúta og Taylorinn. Hann er til í alls konar útgáfum. Sjáðu, hérna er svartur Taylor. Skarphéðinn klæðskeri stundaði Elliðavatn og hann hannaði þessa flugu. Hann sagði við mig: „Notaðu þessa ef þú færð ekki neitt.“ Svo kemur í ljós að þetta er einhver alskæðasta flugan í vatninu. Svo er það Jockinn. En það er bara ákveðið tímabil sem hann tekur (júni) en svo ekki neitt.

Við vorum einu sinni að veiða þrír saman í Helluvatni, Skarphéðinn, ég og Þór Nielsen, og vorum bara að kjafta, vatnið alveg rennislétt. Allt í einu segir Skarphéðinn við Þór: „Æ, þegiðu nú augnablik!“ og hann verður alveg gáttaður. „Ég þarf að ná sambandi við fiskinn.“ -- Þá var hann að einbeita sér svona að drættinum, þetta var þarna sem bátaskýlin eru, við köllum það Tíuna.

Hann var klæðskeri, hann Skarphéðinn. Hann fór í stígvélin heima og tók strætó upp í Rauðhóla eins og þá gekk, og hann veiddi manna mest. Taumurinn er það sem mestu máli skiptir, númer eitt, tvö og þrjú, og hvernig þú dregur. Það skiptir máli hver heldur á stönginni, það er bara svoleiðis.

Ég fór einu sinni í Hlíðarvatn í gamla daga og KK segir við mig: „Þú verður að eiga Alder.“ Svo hitti ég Steina stöng og spyr hann hvað er hann sé að taka í Hlíðarvatni. Þá segir hann: „Iss, þessir Ármenn kunna ekkert að veiða, þeir veiða bara á Peacock.“ Og ég hugsa mér mér: „Úr því kallinn lætur svona sér ég hann ekki undir,“ en þá setti ég Alderinn á og mokveiddi: Ég fékk 64 fiska. Og þá var allt landsliðið þarna að veiða. Hann Gisli sem kenndi köstin í Laugardalshöllinni stóð á Austurnefinu þegar ég kem labbandi en Ingi múri, sem kenndi með honum, Sigurjón sterki og allt þetta lið stóð í Botnavíkinni svo ég labba þarna út til Gísla og spyr hvort að sé pláss fyrir einn í viðbót. „Já, blessaður vertu, hér er pláss fyrir okkur báða.“ Svo sé ég fiska þarna dálítið langt úti, hann er að „skrolla“ þarna, eins og sagt er. Ég kasta á hann en ekkert skeður. Ég set Alderinn á en ekkert skeður. Ég hugsa að það sé eitthvað að hjá mér – og fer að strippa. Og þá tekur hann um leið. Og það varð bara mokstur.

Svo kemur þarna Sigurjón sterki og hann byrjar á að veiða línuna mína. Hann skoðar fluguna og segir: „Þetta er nú ekki merkilegt.“ „Nei, það er alveg rétt, en þú getur staðið hérna, ég ætla að fara upp í grasbalann og fá mér að borða.“ Ég gaf honum þarna eftir staðinn og fór að maula súkkulaðirúsínurnar mínar, en hann náði ekki fiski. Svo fer hann en ég veð út í á sama stað og held áfram að veiða. Þarna var torfa sem greinilega var að eta eitthvað nálægt yfirborðinu en ekki á botninum.

Að hugsa eins og fiskur

Fiskurinn er misstyggur, það getur farið eftir veðri. Maður sér það stundum á Þingvöllum að sporðurinn stendur uppúr og hann er þá í bobbingunum en verður lítið var við mannaferðir. En svo sér maður hann líka synda um í marbakkanum því þar er smá straumur og ætíð berst að honum þar. Maður þarf stundum að hugsa eins og fiskur og velta fyrir sér hvar gott er að borða.

Kuðungurinn í vatninu er brúnleitur, og hann sækir í það. Það er ákveðin litasjattering sem fiskurinn sækir í og það er mismunandi eftir veiðisvæðum og vötnum. Til dæmis er laxinn fyrir norðan gefinn fyrir blátt. Þegar ég hannaði Frískóinn þá hafði ég hann brúnan og grænan af því það er græn slikja á botninum í Þingvallabatni. Og þar sem þessi græna slikja er tekur hann grænu fluguna en annar staðar þá brúnu. Það er eins og ætíð verði að taka lit af umhverfinu. Nú tekur Jón Helgi fram fluguboxin og sýnir tíðindamanni nokkrar útgáfur af Frískó og Peacock í ýmsum litarafbrigðum.

Við veiðum oft saman, við Þór Nielsen, og þá er iðulega annar í fiski en ekki hinn, og þá fer maður að velta fyrir sér hvað heillar fiskinn. Gary Borger, amerískur vatnalífisfræðingur, sem hefur gefið út myndbönd um fluguveiði á netinu, segir að páfuglsfjórðrin sé eitt albesta hnýtingarefni sem til er vegna litbrigðanna í efninu. Frambúkurinn á Frískó er úr páfuglsfönunum og sá hluti er ennþá stærri í afbrigðinu Frískódís. Það er svipað og með regnbogakúlur-

nar, þær breyta um lit og það hænir hann að. Það er ekki sama hvar maður tekur fanirnar af páfuglsfjöðrinni og ég reyni að velja af kostgæfni þær fanir sem ég nota.

Hér á borðinu er Freddi, mjög litfögur og glitrandi fluga með regnbogakúlu. Hann Björn Grétar er vitlaus í þessa flugu, ætlar að veiða á hana í Norðfjarðaránni. Hún er útlend, gerð fyrir straumvatn, sjóbirting og sjóbleikju. En þær kúlur sem hann Björn Grétar lét mig hafa eru plastkúlur svo ég hafði samband við hann Jón í Jóakims, og fékk hjá honum tungstenkúlur í öllum mögulegum litbrigðum.

Ég er alltaf að breyta þessum flugum mínum og prófa hvaða afbrigði gefa best. Friskódísinn er slíkt afbrigði, í rauninni eftir hann Þór Nielsen, en hann stal hugmyndinni frá mér. Við unnum lengi saman í sundlauginni hér í Austurbergi. Hann er tónlistarmaður og ég sagði við hann: „Þú getur vel stolið einu og einu stefi þegar þú ert að semja, en þú mátt ekki stela heilu lagi.“ Það eru ákveðnar reglur um það hvað miklu má stela. Þá samdi ég við hann og sagði: „Þetta er bara Friskó aðeins breytt, og nú köllum við þessa flugu Friskódís,“ og hann samþykkti það.

Flugurnar sem veiða

Flugurnar sem veiða þurfa nú ekki allar að vera merkilegar. Móbutó er til dæmis bara lítill fluga á beinan öngul nr. 14 eða 12, vinil ribb en með ýmsum tilbrigðum. Stundum set ég hvítt við hausinn eða rauðan tvinna, það er unnt að gera allan fjandann. Það er eins og með Blóðorminn, þar ertu með rauðan tvinna, en ég hnýti hann á gylltan öngul.



Freddi fremst en Blóðormur fyrir miðju.

Nýjust af mínum eigin flugum er þessi hérna, sem ég kalla Glódísi og er hnýtt á gylltan öngul. Ég er spenntur fyrir rauða kraganum, hann gerir dálítið mikið. Það var voða lítið að ske hjá okkur í Hlíðarvatni í fyrra en þá var ég að fá á þessa. Annars má ekki gleyma þessum gömlu klassísku flugum eins og Teal and black, það er óhemju skæð fluga.



Girnilegur matseðill fyrir Hlíðarvatn.

Fyrsta flugan mín hét Kolbrún en sú næsta sem komst á blað var Ídí Amín. Það var nú ekki ég sem valdi nafnið heldur Þór Nielsen. Ég gaf honum þessa flugu þegar hann var á leið út í Lambhaga, og ég sagði við hann: „Ef þú færð fisk á þessa flugu máttu skíra hana,“ og það varð Ídí Amín. Ég var nú ekki sáttur við nafnið, en hann var nú slátrari, og Þór mokveiddi á þetta.

Eins var með Töfrapúpuna. Þá gaf ég honum hana og hann kallaði hana þetta því hann fékk hátt á annað hundrað fiska á hana í Helluvatni, í Kerinu. En það er eins og ég segi: Það er ekkert sama hver heldur á stönginni. Menn eru bara misveiðirnir.



Friskódís er fremst en aftur má sjá Glódísi og aðrar flugur í ýmsum afbrigðum. Á endanum í næstöftustu röð er afbrigði af Watsons fancy með gulu stéli sem mokveiddi á Leirutánni þegar aðrar flugur brugðust.

Ég er alltaf að prófa nýjar flugur og breyta flugunum, með afbrigði, maður prófar þetta og hitt nýtt og hættir þá að nota annað. Ég hef til dæmis ekki notað Peter Ross í fjöldamörg ár en fyrr á árum notaði ég ekkert annað í Elliðavatni.

Friskóinn kom þannig til að ég fékk hann einhvern veginn í kollinn. Ég vissi að bleikjan á Þingvöllum tekur eitthvað brúnt og flugan er fyrst og fremst hönnuð fyrir Þingvallableikjuna. Ég hef satt að segja ekki notað hana neitt annars staðar, hvorki í Hlíðarvatni né Elliðavatni, en er með hana þarna í númer 8 eða 10, og hef ekkert farið neðar. Hermann Brynjarsson, sem hefur veitt með mér, fór



Würth á Íslandi ehf.
wurth@wurth.is
www.wurth.is
Sími: 530 2000
Freyjunesi 4
603 Akureyri

4 verslanir

Vesturhrauni 5
210 Garðabæ
Bildshöfða 16
110 Reykjavík
Smíðjuvegi 11
200 Kópavogur

með hana einu sinni norður á Skaga og mokveiddi á hana.

Nafnið kom þannig til að veiðifélagi minn gamli, Jón Petersen, hannaði flugu fyrir Laxárdalinn sem fékk nafnið Diskódrottningin. Hún er orðin heimsfræg þessi fluga. Um þær mundir var verið að syngja vinsælt dægurlag og þar hljómaði alltaf: „Frískó-Diskó“, og þá hugsaði ég með mér að mín fluga kallaðist á við flugu Jóns, við vorum alltaf að veiða saman.

Það vildi svo til að skömmu eftir að ég hnýtti hana fyrst um veturinn gaf ég manni eintak sem þá starfaði í Fjölbautaskólanum hér í Breiðholti. Flugan fékk svo eldskírni sína í Lambhaganum um vorið. Þá var þar að veiða með mér Björn Guðmundsson, bróðir hans Guðmundar sem er að þjálfari úti í Þýskalandi, og kenndi þá eðlisfræði eða efnafræði við Fjölbautaskólann. Svo fer ég að tína hann upp og Björn spyr hvað hann sé að taka en ég gat svo sem engu svarað nema að þetta væri einhver fluga eftir mig og hún hét Frískó, og sýni honum fluguna. Þá segir hann: „Ég held að ég sé með hana hér í boxinu hjá mér.“ Þá hafði þessi sem ég gaf fluguna um veturinn lánað honum hana til að hnýta eftir. Þetta var alveg mögnuð tilviljun.

Flugan er sterkari ef maður nota ribb í búkinn, þá getur maður tekið fleiri áður en hún fer að slitna.



Diskódrottning Jóns Petersens ásamt félögum sínum, Frískó og Frískódís.

JOAKIM'S
MEÐ NÁNAST ALLT Í FLUGUVEIÐINA
STANGIR, HJÓL OG LÍNUR
KRÓKAR OG KÚLUR Í SILUNGAFLUGUR. KEILUR OG FLASHABOU.
FLUGU BOX, HÁFAR OG ÖNDUNARVÖBLUR
ALLTAF GOTT VERÐ
WWW.JOAKIMS.IS | SÍMI 698-4651

Ég get sýnt þér frumútgáfu Diskódrottningarinnar eftir Jón Petersen sjálfan, og sú fer aldrei í vatn – og nú opnar Jón Helgi fluguboxin. KK var með þetta skærgræna efni í Litlu flugunni sem enginn vildi kaupa, svo Jón lét tilleiðast að prófa. Hann fer svo með Agli málara norður í Laxá og mokveiðir á þetta. Egill málari hafði gaman af að spjalla en hann var keppnismaður og svolítið tapsár í veiðinni. Þegar Jón fer að taka hvern fiskinn á fætur öðrum á þessa nýju flugu varð hann kjafstopp. Þá gaf Jón honum flugu og þá fór hann líka að veiða – og fékk málið aftur. Jón hnýtti hana eftir þetta fyrir KK sem seldi hana út um allt. Nú er þetta heimsfræg fluga og gerir það gott í stóru ánum í Noregi.

Þeir veiddu mikið saman, Egill og Guðjón Tómasson. Guðjón á fræga flugu sem heitir Dimma. Hann var lunkinn veiðimaður og stórlaxamaður. Þeir byrjuðu í Elliðavatni, Gauji og Egill, þegar ég var farinn að veiða þar, en ekkert gekk. Ég fer til þeirra og skoða hjá þeim og segi: „Þið veiðið ekkert drengir mínir á þetta.“ -- þeir voru með laxatauma. „Þið eruð með kolvitlausan taum og náðið aldrei sambandi við fiskinn.“ Ég legg mikið upp úr þessu með dráttinn en þá þarf taumurinn líka að vera grannur og beinn. Ef það gerir hlykki á tauminn kemur ljósbot og fiskurinn sér þetta. En þegar veitt er í straumvatni kemur straumurinn og teygir á þessu. Það var líka annað hjá þeim að þeir héldu stönginni uppi, eins og maður gerir í straumvatni, en í stöðuvatni verður þú að hafa stangartoppinn niðri í vatnsborðinu til að ná sambandi við fiskinn.



Jón Helgi og Ólafur Óskar eiga greinilega skap saman.

Þegar upp er staðið er það nú samt félagsskapurinn og landslagið sem mestu máli skiptir. Maður kynnist stundum góðum mönnum á bakkanum, og þannig kynntist ég Ólafi Óskari Jónssyni áður en ég gekk í Ármenn. Við fundum brátt að við áttum skap saman og höfum lengi farið saman í Hlíðarvatn. Engar tvær veiðiferðir eru eins, maður upplifir og lærir eitthvað nýtt í hverri ferð. Ég er meira fyrir að veiða í stöðuvötnum en straumvötnum og þar tek ég frjálsræðið fram yfir, að vera ekki með klukkuna hangandi á stangartoppinum, eins og sums staðar er.

Sem sagt, Frískó eða Frískódís færi undir á Þingvöllum í dag, númer átta.

Og þá er hann á!

#643 skráði
Myndir úr safni Jóns Helga.

Að smíða stöng er góð afþreying (Getur bara verið svoldið stressandi og pirrandi stundum)

Fyrir nokkrum árum datt mér í hug sú vitleysa að smíða svona flugustöng. Eftir að hafa legið yfir bókum og blöðum, skoðað allskyns stöngla, hjólsæti, lykkjur og þræði fylltist maður valkvíða. En áfram skyldi haldið. Ákvað á endanum að skella mér á sett sem allt var í. Hófst þá tími sérvískupælinga sem á endanum lutu fyrir þeirri staðreynd að best væri að byrja á byrjuninni, þ.e. fyrstu myndinni í bæklingnum sem fylgdi með stangarsettinu. Eftir nokkurt bras við að reyna að halda sér við leiðbeiningarnar þá varð til stöng, glæsileg stöng, með handfangi, hjólsæti, lykkjum og smá auka lakki. Eina sem vantaði var hjól með línu og út á tún skyldi haldið. Stöngin virkaði þrusu vel. Já, hvur rækillinn! Þetta gat ég. Svo brotnaði hún reyndar síðar um sumarið, en hvað um það, hún valdi sér aldeilis stað til að brotna, Brotaflóann í Mývatnssveitinni. Svo komu fleiri.



Síðasta haust kom síðan upp sú hugmynd stjórnar að bjóða upp á námskeið í stangarsmíði. Kastað var fyrir undirritaðan sem reif í. Gísli Jón Þórðar fylgi sömu leið. Boðað var til kynningar á hvað stæði til og var þrusu mæting. Farið var yfir hvaða tæki og tól væru notuð og einnig auðvitað það sem málið snerist um, stöngina sjálf. Rætt um hvar best væri að kaupa efni, hvaða lökk væri hægt að nota, mismunandi þornunartími epoxýs, hvernig hitt og þetta er fest við stöngina og þáttakendur fengu meira að segja heimaverk-efni. Eitt af þeim var að smíða frumlegan stöngulhaldara en það væri hægt að kalla það sem heldur uppi stönginni meðan hún er vafin.

Hófst smíðar í byrjun febrúar eftir að efni hafði verið sankað að og síðan var talið í. Nokkur kvöld voru tekin í þetta og menn unnu þetta með sínum hraða. Þetta var eins og annað, þar sem menn koma saman, þar er gaman og allskyns sögur og pælingar spruttu fram. Menn voru duglegir að spyrja og öllu svarað eins og best var á kosið.



Á endanum voru það um 20 manns sem smíðuðu stangir í vetur og sumum héldu engir þræðir og voru komnir með 5 stangir áður en aðrir lögðu af stað! Sumar eru búnar að togast á við fiska og aðrar hafa tekist á við túnfíla við kastæfingar. En það er ljóst að þær verða brúkaðar í sumar og næstu ár. Svo er bara svo gaman að þessu því að hver stöng hefur sinn karakter, td. ein er með bláum vafningum vegna pólitískra skoðana, aðrar hafa persónulegar merkingar, sumir eru með sparitopp og vinnutopp, vafningar í fánalitunum o.s.frv. Það þarf að vera dás af húmor í þessu, þá er þetta svo miklu skemmtilegra. Svona lagað kaupir maður ekki út úr búð.

Það kom mér mjög á óvart hvað þetta gekk vel fyrir sig og Ármenn eru greinilega fluggáfaðir menn og láta vel að stjórn.



Vert er að þakka Jóni V. hjá Jóakims fyrir að hafa séð hópnum fyrir stangarefni og korki. Það held ég að hafi m.a. verið ástæðan fyrir því hversu margir tóku þátt því þar er mjög gott efni.

Garðar Þór #744

Fluguhnýtingaefni

Mesta úrval landsins af fluguhnýtingarefni
Afsláttur til Ármanna
Vesturröst

The advertisement features a vibrant background with colorful fishing lures and spools of thread. The text is prominently displayed in green and white, with a microscope-like lens on the right side.

Sérverslun veiðimanna - Laugarveg 178 sími 551 6770 www.vesturrost.is

Ármannaferð í Framvötnin

Enn á ný verður blásið til Ármannaferðar í vötnin sunnan Tungnár. Mesta og besta veiðin hefur reynst um miðjan júní, fyrstu helgina sem opið er í Landmannahelli. Guðmundur Haukur hefur látið taka frá þokkalega stórt hús fyrir okkur 14. og 15. júní. Það er opinn möguleiki að vera nóttinni lengur ef einhver kýs það því sumartraffíkk er ekki hafin þarna þessa helgina. Nú þegar hafa nokkrir Ármenn meldað sig skuldbindingalaust.

Vinsamlegast skráið ykkur rafrænt á þessari vefslóð:
<http://doodle.com/t2v2cg7pxcr5mdd9>

Þið skráið nafn og númer, merkið við hvernig þið ætlið að koma ykkur uppeftir, hvort þið getið boðið öðrum far eða ef ykkur vantar far. Við viljum líka sjá hve margir ætla að gista í skálanum. Skráning á vefnum hjálpar okkur að skipuleggja. Ef þið hafið ekki tök á að skrá ykkur á vefnum hafið þá samband við Guðmund Hauk í netfanginu ghaukur@internet.is eða síma 5678150 eða 822 0715.

Á fjöllum viljum við vera frjálssir Ármenn og veiða, eta og sofa eftir veðri og hverju sem er. Allir verða sjálfir að sjá sér farborða en ef til vill geta menn útvegað sér far á skráningarvefnum hjá öðrum sem hafa pláss fyrir farþega.

*Veiðikveðjur frá okkur Jóhönnu,
Guðmundur #524*

Bleikjubollur

600 g beinhreinsuð og roðlaus bleikjuflök
2 laukar skornir í smábíta
2 teskeiðar salt
1 teskeið krydd lífsins frá Pottagöldrúm
¼ - 1/2 teskeið pipar úr kvörn
1 egg
1 matskeið jurtaolíu
1 ½ - 2 dl kókosmjólk
3 matskeiðar gróft speltmjöl
1 matkeið sesamfræ

Allt er sett í matvinnsluvél og hakkað vel saman svo ekki sjáist neinn fiskbiti.

Steikist í blöndu af smjöri og jurtaolíu.

Þetta er endurtekið eins og aflinn segir til um (ég var með 3,6 kg) og bollurnar frystar nokkrar saman í góðum frystipokum með eins litlu lofti og hægt er. Þetta varð að 15 máltíðum fyrir okkur hjónin, 7 bollur í pakka.


Svona eru bollurnar nokkuð saltar fyrir smekk Jóhönnu en mér finnst þetta passlegt. Ég fór milliveginn og minnkaði saltið örlítið með í huga að bæta það upp síðar og þá með Herbamare á disknum.

Þegar bollurnar eru teknar úr frysti er gott að þíða þær og steikja aftur lítilliga í andafitu eða smjöri.

Varðandi meðlæti finnst mér ágætt að hafa blöndu af kálmeti (gulrætur, salat, pápríku, o.fl) og remúlaði. Eða heimager kartöflusalat. Einnig finnst mér ágætt að fá tröllasúrumauk (rabbabarsultu) með þeim eða hella svolitlu hunangi á bollurnar þegar þær eru tilbúnar.

Meðlæti er auðvitað eftir smekk en ég bendi á remúlaðið og kartöflusalatið sem meðlæti með köldum bollum í slarkferð þar sem konur eru ekki með í för!

Guðmundur #524



Spennandi vörur í silungsveiðina frá Veiðibúðinni Kröflu

„Við erum með mjög skemmtilegar og góðar vörur fyrir silungsveiðimenn og bjóðum þá sérstaklega velkomna til okkar í Veiðibúðina Kröflu í Höfðabakka 3. Við höfum orðið vör við þó nokkra breytingu undanfarin ár meðal fluguveiðimanna og það er greinilegt að léttar og nettar „græjur“ eru í mikilli sókn,” segir Stefán Kristjánsson í Veiðibúðinni Kröflu.

„Við erum með mjög gott úrval af silungaflugum og teljum okkur geta boðið veiðimönnum flugur sem henta hvar sem er í silungsveiði ekki síður en í laxveiði. Við erum eina veiðibúðin sem selur hinar vinsælu silungaflugur eftir Gylfa heitinn Kristjánsson og laxaflugur eftir Kristján Gíslason. Ef menn sjá silunga- eða laxaflugur frá okkur í Kröflu í öðrum búðum eru það lélegar eftirlíkingar sem eru ekki frá okkur komnar og seldar þar án okkar leyfis.

Í Flugustöngunum bjóðum við upp á mjög skemmtilegar stengur frá Echo og Scott. Þetta eru mjög léttar og nettar stengur, frá 7,3 fetum fyrir línu 2 og upp úr. Lífstíðarábyrgð er á öllum stöngum hjá okkur.

Línurnar eru sérstaklega góðar og líklega hvergi ódýrari í bænum. Við eigum einnig mjög lítil og nett fluguhjól á frábærum verðum sem henta stöngunum mjög vel. Þá erum við með flest allt annað sem þarf til silungsveiða og má þar nefna frábært taumaefni frá Kamasan og mjög ódýra og góða háfa,” sagði Stefán Kristjánsson.

Veiðibúðin Krafla hefur styrkt Ármenn með gjöfum í happadrætti undanfarin ár og eru Ármenn hvattir til að kíkja við í Veiðibúðinni Kröflu í Höfðabakka 3.



Echo Carbon stöngin er 7,3 fet og fyrir línu 2. Stórkostleg stöng í silungsveiðina á mjög góðu verði.



Í Veiðibúðinni Kröflu er hægt að fá íslensk viðarbox með fallegum og gjöfulum silungaflugum. Veiðimenn geta fengið nöfnin sín árituð á boxin.



Silunga Krafla olive og rauð hefur reynst vel en SilungaKröflurnar eru til í sjö litum og ýmsum tærðum.



Krafla.

Höfðabakka 3 - 110 Reykjavík - Sími 587-9500 - krafla@krafla.is

Ármenn þakka eftirtöldum aðilum stuðninginn á vorfagnaði félagsins:

66° norður
Árvík
Ásbjörn Jónsson
Bílaverkstæði Jóa
Bókaútgáfan Skjaldborg
Brúará - Sel
Einar Sigfússon
Oddastaðavatn
Froyanes
Gallerí Flugur
Garri
Hjálmar Sæbergsson
Hreinar Línur
Hrygnan
I Guðmundsson
Intersport
Ísleifur Jónsson ehf
Jóakims
Krafla

Lax-á
Marinox
Promens Tempra
Reykofninn
Samhentir
Vörumerking
Smurstöðin Klöpp
Stefán Hjaltested
Strengir
Útilíf
Veðiflugur
Veðihornið
Veðiportið
Veðisport Selfossi
Veðivon
Vesturröst
Vélar og verkfæri
Wurth
Þorsteinn Þorsteinsson

Stjórn Ármanna býður nýja félagsmenn velkomna

850 Páll Steinþórsson

851 Ingólfur Örn Björgvinsson

852 Mikael Árni B. Þorsteinsson

853 Ómar Morthens

854 Bjarni Jónsson

855 Sigurður Steindórsson

856 Jósefína Ólafsdóttir



Landsfélag um þjóðlega náttúruvernd og stangveiði með flugu

Árósum, Dugguvogi 13, 104 Reykjavík, sími 568 6051

Ritstjórn og ábyrgð: Árni Þór Sigurðsson, chefarni@internet.is

Umbrot: Dagur Jónsson. Prentun: Prentsmiðjan Guðjón Ó. www.armenn.is / armenn@armenn.is